

# **Menningarminjar í Laufási við Eyjafjörð**

Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands  
FS112-98081  
Reykjavík 2000



*Efnisyfirlit*

Inngangur	4
Fyrri fornleifakönnun	5
Yfirlit um sögu byggðar	5
Fornleifaskrá	12
Niðurstöður – vendun og kynning fornleifa í landi Laufáss	30
Heimildir	31

## 1. Inngangur

Árið 1998 var hafin vinna við deiliskipulag fyrir Laufásstað. Guðrún Jónsdóttir arkitekt sér um verkið á vegum Prestsetrasjóðs og Grýtubakkahrepps. Til undirbúnings skipulagsvinnunnar var ákveðið að láta gera fornleifaskráningu á jörðinni og gerði höfundur vettvangsathuganir dagana 30-31. júlí, 8. ágúst og 31. ágúst og 2. september 1998. Alls hafa verið skráðir 50 minjastaðir í landi Laufásstaðar

Sama sumar var unnið að endurhönnun vegarstæðis Grenuvíkurvegar framhjá Laufási og verður sú meginbreyting á að ný brú yfir Fnjóská verður byggð mun neðar en sú sem byggð var gegnt Pálsgerði 1939. Í sambandi við þá vinnu var vegarstæðið kannað sérstaklega og þar með minjar á jörðum sem liggja næst Laufási og tilheyrðu áður heimalandi staðarins (Þorsteinsstaðir, Miðgerði og Borgargerði). Vantar nú aðeins lítið á að allt land hins forna Laufásstaðar hafi verið skráð. Skýrsla var gefin út fyrir vegagerðina haustið 1998<sup>1</sup> og birtust þar sumt af þeim niðurstöðum sem eru efni þessarar skýrslu. Hér verður þó eingöngu gert grein fyrir fornminjum innan landareignar Laufáss eins og hún var áður en Áshóll varð sérstakt býli.

. Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.<sup>2</sup> Á eftir inngangi er greint frá fyrri fornleifarannsóknum á skráningarsvæðinu (2. kafli) og sögu byggðar á skráningarsvæðinu (3. kafli). Í þeim kafla er fjallað um heimildir um landnám og elstu byggð á skráningarsvæðinu og fjallað um þróun byggðar á seinni öldum, byggt á ritheimildum jafnt sem niðurstöðum fornleifaskráningar. Síðan er birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru 1998 (4. kafli). Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum. Er miðað við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og fær Laufás því kennitöluna SP-024 því hún er 24. jörðin í Suður Þingeyjarsýslu samkvæmt jarðatalinu. Á eftir stuttum inngangi um jörðina sjálfa fylgir síðan skrá með ítarlegri umfjöllun um hvern minjastað með teikningum þar sem við á. Einnig fylgir minjakort sem sýnir minjastaði, örnefni og aðrar upplýsingar sem tengjast fornleifum. Í 5. kafla eru dregnar saman niðurstöður skráningarinnar og gerðar tillögur um verndun og kynningu.

<sup>1</sup> Orri Vésteinsson: *Menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði á Grenivíkurvegi*, Reykjavík 1998.

<sup>2</sup> Sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*, Fornleifastofnun Íslands

Höfundur vill þakka Guðrúnu Jónsdóttur fyrir samstarfið, Maríu Reyndal, Andrew Leykam, Clayton Tinsley og Jonas fyrir samfylgd við skráninguna og Guðrúnu Kristinsdóttur á Minjasafninu á Akureyri fyrir margvíslega aðstoð. Höfundur hlaut hlýjar móttökur í Laufási hjá þeim sr. Pétri Þórarinssyni og Ingibjörgu S. Siglaugsdóttur og eru þeim og Þórnari Péturssyni færðar kærar þakkir fyrir kaffi, upplýsingar og aðstoð. Þá gaf Bergvin Jóhannsson á Áshóli einnig upplýsingar um fornleifar í Laufáslandi og eru honum færðar bestu þakkir fyrir.

## *2. Fyrri fornleifakönnun*

Elsta heimild um fornleifar í landi Laufáss er sóknarlýsing eftir sr. Gunnar Gunnarsson sem hann skrifaði 1839. Þar segir hann að fjögur gerði séu í landareignni með gömlum rústum innaní. Því miður greindi hann ekki frá því hvar þessi gerði voru og eru þau nú öll horfin, nema hugsanlega gerðið á selinu (032). Engin af fornleifakönnuðum 19. aldar virðist hafa gert rannsóknir í Laufási og mun fyrsta athugun á fornleifum í kringum Laufás hafa verið gerð er Héraðsnefnd Eyjafjarðar fól Fornleifastofnun að gera svæðisskráningu (heimildakönnun) um fornleifar m.a. í Grýtubakkahreppi 1996. Þá voru skráðar heimildir um 48 staði í landi Laufáss. Engar vettvangsathuganir voru gerðar í þessu sambandi og var því ekki vitað hvar þessir staðir væru nákvæmlega. Vegna fyrirhugaðra vegaf framkvæmda gerði Bjarni Einarsson hjá Þjóðminjasafni Íslands könnun á vegarstæðinu 23.5.1997 og lýsti hann í skýrslu sinni einu garðlagi í landi Laufáss (=SP-024:026).<sup>3</sup>

## *3. Yfirlit um sögu byggðar*

Ekki getur mikill vafi leikið á því að Laufás sé landnámsbýli. Ósar Fnjóskár hafa verið eðlilegur lendingarstaður landkönnuða og í kringum þá hafa snemma risið býli. Eðlilegast er að ætla að það hafi verið í Laufási, Höfða og á Grýtubakka og gæti raunar verið að þau hafi öll orðið til á svipuðum tíma því ekkert eitt þessara höfuðbóla drottnar algerlega yfir ósunum, heldur eru þau öll hvert á sínum enda. Á þessum slóðum hefur verið búsældarlegt fyrir hina fyrstu landnámsmenn, gjöfular flæðiengjar við ósa Fnjóskár og Gljúfurár, selveiði í ósunum og stutt í gjöful fiskimið. Bæjarstæði

---

& Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994-.

Laufáss er á þannig stað að sennilegt verður að telja að þar hafi verið skógur er menn bar fyrst að landi og má því vera að fyrstu bækistöðvarnar hafi verið nær sjó, e.t.v. á stað eins og Nesi. Menn hafa þó fljótlega komist að raun um að betra var að hafa bæina í brekkurótum, á mörkum flatlendis og fjallshlíða. Þar er helst að finna sæmileg túnstæði auk þess sem hægst er að nýta landkosti flatlendis og fjalllendis með því að hafa bústaðina mitt á milli.

Út frá jarðardýrleika og því hvernig býlin eru í sveit sett má geta þess til að eftir að föst búseta hafði tekist í Laufási, Höfða og á Grýtubakka og þeir bændur þar með lagt undir sig mest af því landi sem slægur var í og þeir gátu mögulega nýtt, hafi þeir sem síðar komu orðið að láta sér nægja heldur rýrari staði, sem þó töldust kostjarðir eftir að land var fullbyggt. Það væru þá jarðir eins og Vík, Nes og Grenivík. Aðrar jarðir hafa hinsvegar sennilega byggst frá landnámsbýlunum stóru. Það getur hafa gerst með ýmsum hætti, t.d. með því að yngri synir reistu nýbýli í landnámi feðra sinna eða að innflytjendur hafi fengið úthlutað skikum af þeim sem fyrir sátu, annaðhvort til sölu eða leigu. Hvort sem er, eru jarðir af þessu tagi ávallt landminni og rýrari en eldri landnámsbýlin. Fullvíst má telja að Þorsteinsstaðir, Nollur og Fagribær fylli þann flokk sem þannig byggðist frá Laufási, en óvíst er hvort Grund og Lómatjörn hafa byggst frá Laufási eða Nesi. Landareign Laufásstaðar norðan Fnjóskár bendir til að Grund og Lómatjörn gætu fullt eins hafa byggst þaðan eins og frá Nesi þó Fnjóská skilji á milli.

Á það má benda að bæjanöfnin Nollur, Þorsteinsstaðir og Fagribær eru í flokki þeirra nafna sem ætla má að séu yngri en náttúrunöfn eins og Laufás, Grund eða Höfði. Fagribær er dæmi um meðvitaða nafngjöf. Ábúandi hefur ákveðið að þetta skyldi bærinn heita – afar ólíklegt er að bærinn hljóti nafn sitt af því að sveitarmenn hafi verið sammála um að þessi bær væri öðrum fegri. Svipuðu máli gegnir um Noll. Orðið þýðir « lítill hóll eða hæð » og er dæmi um notkun forneskjulegra orðstofna til að aðgreina einn bæ frá öðrum. Þorsteinsstaðir fylla síðan hinn stóra flokk bæjarnafna sem samsett eru af mannsnafni og –staðir, en slík nöfn virðast í flestum tilvikum komin af því að afbýli fékk nafn þess sem þar bjó fyrst. ‘Staðir’ eru þá upphaflega útstöðvar frá stærri býlum sem ekki urðu sjálfstæð býli í fyrstu umferð og hafa væntanlega ekki fengið sérheiti sín fyrr en þar tókst föst búseta og sjálfstæður búskapur.

---

<sup>3</sup> Bjarni F. Einarsson: *Álitsgerð um fornleifar*.

Hugsast getur einnig að hinir fyrstu Laufæsingar hafi getað haft áhrif á landnám upp með Fnjóská og má hafa til marks um það hversu langt upp með ánni og upp á Flateyjardalsheiði Laufássókn teygði sig. Telja verður sennilegt að Skuggabjörg séu meðal þeirra býla sem voru byggð undir áhrifum frá Laufási, en Skarð og Þverá hafa hinsvegar verið sýnu sjálfstæðari einingar frá upphafi þó þar hafi varla verið stofnað til búa í óþökk Laufæsinga. Ofar með Fnjóská hafa áhrif Laufæsinga hinsvegar ekki teygt sig og þar hafa sjálfstæðir landnámsþópar náð að festa sig í sessi. Vera má einnig að fótur sé fyrir frásögn Landnámabókar um landnám í Fnjóskadal og að dalurinn hafi verið að mestu numinn af fólki sem kom að austan um Ljósavatnsskarð. Þá hefur litlu skipt fyrir Laufæsinga þó þeir réðu ósum Fnjóskár og Dalsmynni og gætu sett mönnum skilyrði sem komu að vestan.

Hvað sem hugleiðingum sem þessum líður er ljóst að þeir sem fyrstir gerðu bú í Laufási áttu kost á að taka undir sig kostaland – sem bendir til að þeir hafi ekki verið í harðri samkeppni – og það að þeir gátu eignast land beggja vegna Fnjóskár og nær allt Dalsmynni að sunnan sýnir að þeir hafa verið vel settir til áhrifa frá fyrstu tíð auk þess sem búskapur hefur staðið þar traustum fótum frá öndverðu.

Laufáss er getið bæði í Reykdæla sögu (ÍF X, 189) og Ljósvetninga sögu (ÍF X, 69) en í hvorugri kemur fram hver á að hafa búið þar á söguöld og verður ekki af þessu ráðið að hefðir hafi verið um það á 13. öld að Laufás væri öðrum bæjum eldri eða að þar hefði verið miðstöð eða höfðingjasetur til forna. Þetta kemur heim og saman við frásögn Landnámabókar af landnámi á þessum slóðum (ÍF I, 269, 272). Samkvæmt henni nam Skagi Skoptason land milli Vargjár og Fnjóskadalsár og bjó í Sigluvík en Þengill mjöksiglandi nam landið milli Fnjóskár og Grenivíkur og bjó í Höfða. Samkvæmt þessu hefur Laufás verið í útjaðri landnáms Skaga. Algengt er að höfundar Landnámabóka láti landnám skiptast af stórárm eða öðrum vel þekktum náttúrulegum landamærum og á þetta einkum við á svæðum þar sem þeir hafa ekki frá miklu að segja. Slík landnámsmörk virðast því oft stafa af því að á slíkum svæðum höfðu höfundarnir litlar sem engar hefðir eða sagnir að byggja á. Þar sem engar heimildir voru urðu þeir að styðjast við eigið hyggjuvit og er auðvelt að sýna fram á að í slíkum tilvikum hneigjast þeir ávallt til þess að draga landnámsmörk eftir fjöllum

eða ám sem þekkt voru í öðrum landshlutum.<sup>4</sup> Af þessu má draga þá ályktun að ekki hafi verið á 12. eða 13. öld sagnir um landnám við ósa Fnjóskár, eða, að minnsta kosti, að höfundar Landnámabóka hafi ekki haft aðgang að þeim. Hvað varðar Laufás getur þetta bent til að þeir sem þá réðu jörðinni hafi ekki búið þar mann fram af manni frá landnámsöld og af þeim sökum hafi ekki myndast sagnir um að jörð þeirra væri öðrum eldri og virðulegri.

Laufás var höfðingjasetur á 12. öld en þar bjó á síðasta fjórðungi aldarinnar Þórður Þórarinnsson kallaður Laufæsingur (SturlR, 142, 163, 169, 179, 196, 197, 208, 209). Þórður var höfðingi þó ekki ætti hann goðorð. Hann var hálfbróðir Guðmundar dýra sammæðra en hafði verið þingmaður Þorvarðar Þorgeirssonar af ætt Ljósvetninga áður en hann lenti í útistöðum við Ögmund sneis son Þorvarðar. Þórður fylgdi Guðmundi bróður sínum í deilum hans við Önund í Lönguhlíð og synir Þórðar og fleiri sem voru að Önundarbrennu voru teknir af lífi í Laufási 1198. Móðir Þórðar og Guðmundar var dóttir Guðmundar Þorgeirssonar sem var lögsögumaður 1123-34 af ætt Reynistaðarmanna í Skagafirði og Þórður var giftur Margréti Oddsdóttur, dóttur Odds Gissurarsonar goðorðsmanns af ætt Austfirðinga, sennilega á Hofi í Vopnafirði. Ekki er vitað hver Þórarinn faðir Þórðar var en þess má geta til að hann hafi verið bóndi á Laufási á undan syni sínum. Þórður átti þrjá syni en einn þeirra lést úr sótt og tveir voru höggðir fyrir þátt sinn í Önundarbrennu 1198 og því er ekki vitað hver tók við staðnum eftir dag Þórðar. Þar hafa búið menn hliðhollir Guðmundi góða biskupi um miðja 13. öld, því að þess er getið að í Laufáskirkju hafi verið safnað skjölum til sögu hans en að þau hafi brunnið með kirkjunni 1258 (Bsk I, 566 ; IA, 133, 192).

Laufás hefur verið á meðal þeirra fjölmörgu góðjarða sem gefnar voru í heild sinni til kirkna þeirra sem á þeim stóðu. Slíkar gjafir virðast einkum hafa verið gefnar á 12. öld og höfðu ekki fyrst í stað mikla þýðingu aðra en að bóndinn varð landseti drottins. Bóndinn var eftir sem áður eigandi kirkju og jarðar og virðast þeir fyrst og fremst hafa gert þetta til að sýnast virðulegri í augum nágranna og keppinauta. Þessi ráðstöfun kom hinsvegar mörgum valdaættum í koll þegar komið var fram á seinni hluta 13. aldar, en þá hafði norsk-íslenska kirkjan tekið upp harða afstöðu varðandi forræði kirkjueigna. Í samræmi við hugmyndir sem þróaðar voru suður á Ítalíu á 12.

<sup>4</sup> Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson: 'Creating a Past. A Historiography of the Settlement of Iceland.' *Culture Contact, Continuity and Collapse: The Archaeology of North Atlantic colonization, A.D. 800-1800*, ed. J. Barrett, University of Toronto Press, Toronto 2000.



öld gerðu kirkjunnar menn nú þá kröfu að allar þær eignir sem höfðu verið gefnar kirkjum að nafni til en voru eftir sem áður undir forræði leikmanna, skyldu eftirleids lúta stjórn biskupa. Eins og vænta má mætti þessi stefna mikilli andstöðu meðal leikmanna enda bjuggu margir af valdamestu mönnum landsins á jörðum sem að nafninu til tilheyrðu kirkjum þeim sem þar stóðu. Kirkjunnar menn höfðu sigur að lokum en með samningi sem gerður var í Ögvaldsnesi í Noregi 1298 var ákveðið að þær jarðir sem höfðu verið gefnar í heild sinni til kirkna skyldu nú lúta forræði biskupa en kirkjur sem minna áttu en helming jarðar þeirra sem þær stóðu á skyldu lúta forræði bænda. Laufás var í fyrra hópnum og varð nú staður eða kirkjulén. Mörg slík lén voru í raun komin undir stjórn biskupa mun fyrr en um Laufás verður ekki annað sagt en að jörðin hefur verið kirkjulén að minnsta kosti frá 1298.

Elsti máldagi Laufáskirkju er varðveittur í máldagasafni Auðuns rauða Hólabiskups sem tekið var saman 1318 (DI II, 447-48). Þá átti kirkjan auk alls heimalands og smálанда allra «vpp til Gäsagils. og grefar ofann til síkz hia neslandi », Þorsteinsstaði og Lómatjörn, Kussungsstaði í Hvalvatnsfirði, selför og afrétt á Flateyjardalsheiði og ýmsa rekaparta. Af þessu sést að Laufás hefur þá þegar átt allt land í Dalsmynni beggja vegna Fnjóskár utan við jörðina Skarð, en jafnframt má skilja heitið « Smálönd » svo að ekki hafi verið litið á þau sem hlut af heimalandinu. Hvernig sem því hefur verið varið sést að ekki hefur verið komin byggð í gerðunum norðan við Fnjóská á þessum tíma. Í máldaganum er greint frá hvaða bæir áttu kirkjusókn til Laufáss en það voru Miðvík, Ystavík, Fagribær, Nollur, Þorsteinsstaðir, Skuggabjörg, Skarð, Grund og Lómatjörn. Bæjatalið sýnir ennfremur að ekki hefur verið komin byggð í gerðunum og líka að Þorsteinsstaðir hafa á þessum tíma verið álitin sérstök jörð en ekki hjáleiga og hluti af heimlandi Laufáss eins og síðar varð. Ness og Þverár er ekki getið meðal bæja í Laufásþingum í máldaganum en það er af því að þar voru hálfkirkjur og tóku bændur á þeim jörðum þá tíund sem þar féll til viðhalds kirkna sinna.

Mjög athyglisvert ákvæði er í máldaganum þar sem þeim er á Laufásstað býr er gefin heimild til að taka tíundir af Grýtubakkþingum ef tíundir í Laufásþingum ná ekki tveimur hundruðum. Slík ákvæði eru óvenjuleg og er raunar engin nákvæm hliðstæða en ákvæðið virðist þó fylla þann flokk sem áttu að tryggja að eldri sóknarkirkja yrði ekki fyrir of miklu tekjutapi þó hluti sóknarinnar væri lagður til

nýrrar sóknarkirkju.<sup>5</sup> Það virðist því sem Grýtubakkasókn hafi verið sett á legg eða að minnsta kosti stækkuð á kostnað Laufássóknar einhverntíma ekki mjög löngu áður en máldaginn var færður á bók Auðuns. Það væri þá einhverntíma á 13. öld, líklega seinni hlutanum, því ákvæði af þessu tagi stóðust yfirleitt ekki tímans tönn, enda er það ekki tekið upp í yngri máldögum Laufáss. Mögulega hefur ekki verið prestskyld á Grýtubakka fyrr en á seinni hluta 13. aldar, jarðir í Höfðahverfi hafa þá annaðhvort sótt þjónustu til Höfða eða Laufáss og los verið á sóknarskipan á Látraströnd en slíkt var ekki óþekkt með jaðarsvæði allt fram á byrjun 14. aldar. Stofnun Grýtubakkabínga gæti þá verið viðbragð við auknu mikilvægi byggðar í sjávarsveitum undir lok 13. aldar á sama hátt og stofnun sóknarkirkna á Kaldrananesi, Ingjaldshvoli og Hvalnesi um og eftir 1300.

Tekjur Laufáspresta hafa verið ágætar ef miðað er við að þeir hafi að jafnaði haft tvö hundruð í tíund á hverju ári. Það er væntanlega prests- og kirkjutíund samanlögð en á 15. öld var kirkjutíund í Laufási oftast aðeins 60 álnir (hálf hundruð) en þó eitt hundruð 1429. Miðað við samanlagðan dýrleika jarða í Laufásþingum eins og hann var í byrjun 18. aldar – að frádregnum kirkjueignum sem undanþegnar voru tíundargreiðslum – ætti kirkjutíundin ekki að hafa verið meir en 45 álnir, eða ívið meira en 1/3 úr hundraði, á ári. Máldagarnir sýna hinsvegar að tíundin var alltaf heldur meiri en það og nálega þrefalt meiri 1429 og 1318. Annaðhvort hafa einhverjar jarðir fallið mjög í verði – sem ekki er líklegt og engin fordæmi fyrir slíku í þeim mæli að það gæti skýrt þennan mun – eða að Laufásklerkar hafa haft einhvern annan tíundarstofn. Lausafjártíund virðist aldrei hafa verið slík að skýringin gæti legið þar og er þá helst að geta sér þess til að útgerð hafi verið úr sókninni og það ekki í litlum mæli. Þetta verður þó að teljast óvíst enda engar heimildir um slíkt.

Á seinni hluta 14. aldar eignaðist Laufásstaður Grund í reikningsskap eftir séra Jón Magnússon sem virðist hafa haldið staðinn lengi, að minnsta kosti 38 ár, miðað við skuldir þær sem hann hafði komið sér í við staðinn laust fyrir 1394 (DI III, 566-68). Eins og margar kirkjur á Íslandi auðgaðist Laufásstaður á plágunni sem geysaði 1402-1404. Að minnsta kosti hafði staðurinn eignast 5 jarðir fyrir 1431 (DI IV, 466-67), og virðist fimmta jörðin vera Nollur sem getið er með nafni meðal jarða staðarins 1461 (DI V, 266-69). 1431 voru aðeins tvær af þesum fimm jörðum byggðar

<sup>5</sup> Dæmi eru t.d.: Bergstaðasókn stofnuð úr Bólstaðarhlíðarsókn, Kaldranenessókn úr Staðarsókn, Setbergssókn úr Öndverðareyrarsókn, Akrasókn úr Krossholtssókn.

og má geta þess til að Kussungsstaðir, Þorsteinsstaðir og Nollur hafi verið í eyði þá en Grund og Lómatjörn byggðar.

Um og eftir miðja 15. öld hélt Laufásstað mektarklerkurinn séra Þorkell Guðbjartsson sem var mjög fyrirferðarmikill í kirkjustjórn, jarðabraski og ýmiskonar málaferlum Norðanlands á þeim tímum. Hann tók við staðnum 1448 en virðist ekki hafa hlúð mjög að honum því að honum látnum 1483 sáu skoðunarmenn “öngva bót á kirkjunni né staðnum, heldur rotinn og fúinn við í öllum húsum og þar með veggirnir. Leist oss kirkjan í öngvan máta svo mega standa aðgjörðalaust lengur.” Voru erfingjar séra Þorkels dæmdir til að bæta staðnum skaðann og greiða til baka kirkjutíund síðustu 35 ára (DI VI, 483-85). Tveimur árum síðar afhentu þeir staðnum jarðirnar Ytri og Syðri Neslönd við Mývatn og Halldórsstaði í Bárðardal (DI VI, 549-50).

Árin 1539 til 1551 sat Laufásstað séra Ólafur Hjaltason sem varð fyrsti lúterski biskupinn í Hólabiskupsdæmi. Hann virðist hafa haldið forráðum yfir staðnum til 1559 en í afhendingu staðarins frá því ári eru taldar kirkjujarðirnar Grund, Lómatjörn, Þorsteinsstaðir og Nollur, en auk þeirra er nú Pálsgerðis getið í fyrsta skipti (DI XIII, 404). Leigukúgildi á Þorsteinsstöðum og Nollu er talin saman en 1569 voru Þorsteinsstaðir í eyði og er líklegt að svo hafi verið einnig 1559 og þá hafi ábúandi Nollar haft land Þorsteinsstaða á leigu (DI XV, 349). Af máldögnum sést að Pálsgerði hefur fyrst orðið sérstök bújörð milli 1525 (DI IX, 329-31) og 1559 og þá og 1569 var hún eina jörðin sem byggð var í Smálöndum. Með öðrum orðum hafa Borgargerði og Miðgerði byggst seinna. Það hefur þó ekki verið löngu seinna því þær voru báðar byggðar fyrir löngu er jarðabókin var gerð 1712. Líklegast er að Borgargerði og Miðgerði hafi byggst á síðasta fjórðungi 16. aldar eða fyrsta fjórðungi þeirrar 17. Vitað er að Litlagerði byggðist fyrst um 1660 á fjárhússtæði frá Pálsgerði (JÁM XI, 28) og var litið á það sem hjáleigu Pálsgerðis, en Pálsgerði var eina gerðið í Smálöndum sem talið var sem lögbylí 1712 – Borgargerði og Miðgerði voru álitin hjáleigur frá Laufási. Auk Litlagerðis var búið á Hjáleigu milli Pálsgerðis og Miðgerðis í nokkur ár milli 1671 og 1688 (JÁM XI, 28-29).

Þessi stórauðna byggð í Laufássókn var tímanna tákn en á tímabilinu 1550-1650 var stofnað til mikils fjölda smábýla víða um land, einkum í landareignum góðjarða sem áður höfðu verið reknar sem búgarðar. Það er á þessu tímabili sem langflest býli sem hafa bæjarnafnsendinguna –gerði virðast vera stofnuð.

Óljósar heimildir eru um nokkru fleiri kot í landi Laufáss. Það eru Litla-Laufás,


Pollhús og Rifgerði, en auk þeirra er ekki útilokað að einhverntíma hafi verið búskapur á selinu í Dalsmynni. Ritheimildir um búskap á þessum stöðum þekkjast þó ekki og er líklegast að hann hafi í öllum tilvikum verið skammvinnur. Líklegast er að þessi kot hafi verið byggð á 18. eða 19. öld ef þau hafa þá verið byggð yfirhöfuð.

Árið 1907 voru kirkjujarðirnar skildar frá prestsetrinu og flestar seldar í kjölfarið. Árið 1955 var svo stofnað nýbýli á syðsta hluta Laufáslands, Áshóll, sem einnig á hluta af Þorsteinsstaðalandi.

#### 4. *Fornleifaskrá*

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (EY, SP o.s.fr.v.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-024:001). Fornleifaskrá Laufáss hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma hey í). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum



Kort 1. Fornleifar í landi Laufáss.

og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávík frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávíki.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta, og 3) mikil hætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## **SB-024 Laufás**

Kirkjustaður. Getið í Ljósvetningasögu (ÍF X, 69) og Reykdælasögu (ÍF X, 189). Laufási tilheyrðu Smálönd sem voru sitthvorumegin Fnjóskár "vpp til Gäsagils. og grefar ofann til sikz hia neslandi." Fyrst er getið um byggð á þessu svæði 4.5.1559 en þá var Pálsgerði orðin hjáleiga frá Laufási. Þorsteinsstaðir og Lómatjörn voru kirkjueign frá því fyrir 1318 en Grund bættist við síðast á 14. öld. Skömmu síðar, sennilega fyrir 1431 eignaðist kirkjan Noll í skiptum fyrir Pétursskóg í Laufásskarði. Af bréfinu frá 1559 er helst að ráða að Nollur og Þorsteinsstaðir hafi verið byggðar saman - DI XIII, 404. Kirkjan átti einnig selför á Flateyjarðalsheiði og afmarkaða afrétt þar á heiðinni. Laufáshaga, milli Eyvindarár og Mógils ytra (ekki getið 1318). Áshóll nýbýli á syðsta hluta Laufáslands stofnað 1955.

Tún 1917: 8.7 ha. Allt slétt. Sáðreitir 1840 m<sup>2</sup>.; 1960: Tún 10,6 ha. Heimatúnin voru öll plægð upp í kartöflugarða fyrir 1990 en eru nú aftur orðin að túnnum. Túnið frá 1917 hefur fyrst verið stækkað til suðurs en mest túnrækt á vall- eða mólendi hefur verið þar sem nýbýlið Áshóll var reist 1955. Svólítil framræsla hefur verið í Svarðarmó og Pollhúsamýri. Einnig hefur verið ræktað tún norðan í ásnum, ofan við Eyvindarbrekku. Laufáshólmar eru stundum slegnir og hefur þar verið sáð en engar jarðabætur aðrar. 1999 var byggt nýtt íbúðarhús á Úttúni og er syðri hluti þess nú að stærstum hluta komin undir fyllingar og byggingar.

**SB-024:001** *Laufás* bæjarhóll bústaður 65°53.669N 18°04.314V  
Torfbær byggður á árunum 1866 til 1877 stendur á bæjarhólnum, milli kirkjunnar og núverandi íbúðarhúss (b. 1935), neðan (vestan) við þjóðveginn. Um 20 m eru milli bæjarins og núverandi íbúðarhúss.

Bærinn stendur á breiðum hól eða stalli neðst í fjallshlíð. Framan við bæinn er nú slétt grasflöt þar sem hlaðið var og eru um 20 m frá stöfnum og að brekkubrún, sem er snarbrött niður að áreyrunum. Aftan (austan og norðaustan) við bæinn er bunga útundan húsunum sem bendir til eldri mannvistarleifa. Framan (vestan) við er hellulögð stétt en þar framan við slétt grasflöt og er þar hestasteinn með járnhring út við brekkubrún. Kirkjan er á sama stalli og bærinn og er malarborinn vegur, 5 m breiður, milli bæjar og kirkjugarðsveggjar. Ofan við bæinn er þjóðvegurinn undir brekkurótum og eru aðeins um 20 m milli bæjar og vegarins.

Gamli tofbærinn í Laufási var tekinn á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 5.6.1948. Ekki þinglýst. Brekkan framundan bænum er að stórum hluta moldarflag, einkum beint vestur af bæjardyrum þar sem rafmagnsstaurar standa í brekkunni, og sjást í því bein og annar úrgangur enda hefur rusli sennilaga verið kastað niður af brekkubrúninni um aldir. Núverandi íbúðarhús stendur lægra en bærinn og hefur þar verið aflíðandi brekka niður af bæjarhólum á Úttúnið. Þessu svæði hefur sennilega verið ýtt til og jafnað þar fyrir til að búa til pall fyrir íbúðarhúsið og garðinn kringum það. Í rofum vestan og norðanundir garðinum sést að undirlagið er mikið rótað. Hausið 1999 var gerður uppgröftur inni í bænum þegar lagt var hitblástursrör eftir bæjardyrum og göngum endilöngum. Í ljós kom að hóllinn er víðast aðeins um 50 sm þykkur. Gangagólfið nær niður á óhreyft, en undir því voru á nokkrum stöðum niðurgreftir með torffyllingum. Framan við bæjarþilið kom í ljós brunalag ofan á óhreyfðu á um 50 sm dýpi en það var skorið af niðurgrefti sem virðist ná undir allt bæjardyrarhúsið - og þá sennilega einnig skála og stofu. Að sögn hleðslumanna hafði áður verið komið niður á fornlegar hleðslur (e.t.v. langeld) er unnið var við viðgerð í stofnum, nyrsta hluta bæjarins - OV: Fornleifarannsókn. Hörður Ágústsson hefur annsakað sögu torfbæjarins eftir úttektum og endurgert þróun hans frá 16. öld - Hörður Ágústsson: 'Íslenski torfbærinn.' Íslensk þjóðmenning I, s. 264-75.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Skrá um friðlýstar fornleifar; Orri Vésteinnsson: Fornleifarannsókn undir bæjardyrum og göngum í Laufási, Rv. 2000; Hörður Ágústsson: 'Íslenski torfbærinn.' Íslensk þjóðmenning I, s. 264-75.


**SP-024:002** hús kirkja 65°53.626N 18°04.353V

Kirkjan í Laufási stendur 17 m sunnan við bæinn (001), en 5 m eru á milli bæjar og grjóthlaðins kirkjugarðsveggjar. Kirkjugarðurinn hefur verið stækkaður til suðurs um 9 m en þar er brún í garðinum og er lægra fyrir sunnan og eingöngu nýlegar grafir á því svæði.

Kirkjugarðurinn hefur verið sléttaður og er um hann grjóthlaðinn garður. Nýleg hellustétt er framan við kirkjudyr og að sáluhliði og framan við kirkjugarðsvegginn, en þar framan (vestan) við er malarborið hlað. 10 tré eru í garðinum, flest austan við kirkjuna og mörg stæðileg.

Sunnan við sáluhlið er vesturveggurinn og öll suðurhliðin steipt undir hleðslugrjótinu og innan við það. Í kirkjugarðinum eru 2 legsteinar frá 18. öld, annar framan (vestan) við, norðanmegin stéttar, hinn við SA horn. Nokkrir 19. aldar steinar eru austan við kirkjuna. Af túnakorti að dæma hefur garðurinn verið færður út um 5 m til norðurs, auk 9 metranna sem hann hefur verið færður út til suðurs. Á kortinu eru 10 m milli bæjar og garðs en nú er bilið 5 metrar. Á kortinu er garðurinn hinsvegar jafnlangur frá A-V og hann er nú.

**Hættumat:** hætta vegna líkagraftar



Kort 2. Fornleifar í túni í Laufási.

**Heimildir:**  
Túnakort 1917

**SP-024:003**  
heimild um fjós

65°53.605N  
18°04.371V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús 3-5 m suðvestan við suðvesturhorn kirkjugarðsins. Garðurinn hefur síðan verið færður út um 9 m til suðurs og er því útihússtaðið um 3 m fyrir vestan syðsta hluta núverandi kirkjugarðsveggjar. Hús þetta mun hafa verið fjós.

Malarborið hlað. Fjósið hefur staðið uppi á bæjarhólnum á ská framan við kirkjuna. Sennilega hefur þessi staðsetning ráðist af því að á þessum stað hefur verið einna stýst að sækja vatn. Fjósið stóð enn um 1945. Það sést á ljósmynd sem tekin er úr vestri í SturlR I, milli s. 196 og 197.

**Hættumat:** hættu vegna ábúðar

**Heimildir:**  
Túnakort 1917



**SB-024:004** *Brekkuhús* heimild um útihús 65°53.777N 18°04.370V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús. Vestan og norðan þess var Ærhús, þar vestar Dilkhús, þá þar vestar Benediktshús. [...] Þar var neðst á brekkubrún Brekkuhús." segir í örnefnalýsingu. Brekkuhús stóðu syðst og vestast útihúsanna á Úttúni, um 80 m norður af kálgarðinum Útgarði (009), fast á brekkubrúninni. Húsið er nú horfið en þar sem það stóð er breið hólbunga í túninu og grjótdreif í hrosshaganum á brekkubrúninni vestan við túnið.

Eystri hluti húsanna hefur lent undir túni (var áður kartöflugarður) en að vestan er hrosshagi og er þar allmikil grjótdreif á um 30 m bili.

Troðningar eru í brekkunni á þessum stað og sjást torfleifar í rofbökkunum.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

**SB-024:005** *Benediktshús* heimild um útihús 65°53.791N 18°04.341V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús. Vestan og norðan þess var Ærhús, þar vestar Dilkhús, þá þar vestar Benediktshús. Munnmæli eru, að þar hafi fjármaður hengt sig." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m norður af Brekkuhúsum 004 stóð Benediktshús þar sem nú er norðvesturhornið á Úttúni, um 5 m austan við brekkubrúnina.

Í túnjaðri, ofan við brekkubrún. Var áður kartöflugarður.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

**SB-024:006** *Dilkhús* heimild um fjárhús 65°53.794N 18°04.325V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús. Vestan og norðan þess var Ærhús, þar vestar Dilkhús,..." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m austar (og heldur neðar) en Benediktshús 005 stóðu fjárhús kölluð Dilkhús. Þar er nú moldarflag fast norðan við tungirðingu og sér engin merki um húsið. Þessi staður er um 50 m vestan við norðurenda steyptra fjárhúsa sem standa nyrst í Laufástúni.

Sléttur völlum, áður tún og þar áður kartöflugarður en nú hrosshagi.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

**SB-024:007** *Ærhús* heimild um fjárhús 65°53.797N 18°04.288V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús. Vestan og norðan þess var Ærhús,..." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m norðaustan við Dilkhús 006 og um 25 m beint vestur af vesturenda á steypu fjárhúsi syðst í Laufástúni, stóðu fjárhús kölluð Ærhús. Engin merki sjást nú um þau. Húsið hefur staðið þar sem nú eru mörk túns og óræktarhaga í kringum núv. fjárhús.

Sléttur völlum, áður tún og mögulega kartöflugarður, en austan við hússtæðið er nú órækt.

Í örnefnalýsingu sr. Hermanns Hjartarsonar frá 1925 segir: "Nýhús hét kofi, þar sem Ærhúsin eru nú." og sýnir það að Ærhús hafa staðið fram yfir 1925 og tæplega verið mjög gömul.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4; Ö-LaufásB, 2.

**SB-024:008** *Garðhús* heimild um fjárhús 65°53.782N 18°04.219V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús." segir í örnefnalýsingu. 30-35 m suður af suðausturhorni á hlöðu við fjárhús sem standa syðst í Laufástúni voru útihús kölluð Garðhús. Þessi staður er milli þjóðveggar og túns, um 5 m sunnan við hornið á túngirðingunni. Á þessum stað eru ójöfnur sem gætu verið leifar Garðhúsa, en þau hafa sennilega eyðilagst er núverandi vegur var lagður og gætu leifar þeirra að hluta verið undir vegkantinum.

Áður tún, nú órækt milli túns og vegar, etv. að hluta undir vegi.

Nafn húsanna og staðsetning þeirra í túnjaðrinum bendir til að ofan við þau hafi verið túngarður sem nú er væntanlega undir veginum. Þessi staður er (nú 1998) í uppnámi vegna fyrirhugaðrar vegagerðar.

**Hættumat:** mikil hætta vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

**SB-024:009** *Útgarður* gerði kálgarður 65°53.713N 18°04.357V

"Aðeins sunnar [en Brekkuhús] hét Útgarður, það var kartöflugarður." segir í örnefnalýsingu. Garður þessi er sýndur á túnakorti frá 1917 og sjást hleðslurnar enn vestanmegin í skorningi sem gengur upp til norðurs í Úttúnið af norðanverðum Undirvelli, um 80 m NNV af núverandi íbúðarhúsi.

Garðurinn er byggður í brekku mót ASA og er neðri hluti hans í allmiklum halla. Nú hrosshagi.

Garðurinn er grjóthlaðinn og hefur verið allvandað mannvirki. Grjóthleðslur eru bæði að utan og innan en víðast er þó gróið upp á garðinn að innan og er veggurinn um 1 m breiður. Alls er garðurinn 38 m langur og 15 m breiður. Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru tveir aðrir kálgarðar í Laufástúni. Suðurgarður var í brekkunni suðvestan við kirkjuna og annar garður var í suðurenda túnsins, sunnan við Hesthúsvöll. Báðir eru nú sléttaðir undir tún.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

**SB-024:010** heimild um varðkofa 65°53.506N 18°06.174V

"Í Bótólfsey er rúst af Kofa, sem er ætlaður fyrir varðmanninn, er gætir varpsins." segir í örnefnalýsingu. Bótólfsey er vestastur Laufáshólma, næst suðaustan við Neshólma, en fyrir sunnan hana er Kríuhólmi og þá Langhólmi. Enga kofatóft er nú að sjá í eygni.

Vestast í Bótólfsey er njóli og sina en þar gengur vatn yfir á flóðum. Þar ofan við eru nokkur birkitré í þéttum knöppum en þar ofan við er þéttur valllendisgróður og kjarr. Skv. ábendingu Bergvins Jóhannssonar á Áshóli var tóft í Kríuhólma, sem er næsti hólmi austan við Bótólfsey. Í þeim hólma eru á tveimur stöðum mishæðir sem gætu verið tóftaleifar en ekki eru það ótvíræð vegsummerki.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 2

**SB-024:011** *Mylluhólmi* örnefni mylla 65°53.579N 18°04.842V

"Bæjarhólmi er stórt svæði sundurskorið af rásam. Syðst í Bæjarhólma er annar lítill hólmi, sem heitir Mylluhólmi. Pollhúskvíslin er með honum og á einn veg, Bæjarkvísl á annan, og upp úr Pollhúskvísl er síki, sem heitir Myllusíki." segir í örnefnalýsingu. Beint austur af Pollhústúni gengur Bæjarkvísl til vesturs en þar sem hún beygir til suðurs er Mylluhólmi áfastur Bæjarhólma norðan við aðalfarveginn. Myllusíki gengur upp með hólmanum að norðvestan þar sem Pollhúskvísl og Bæjarkvísl mætast. Djúp dokk er í hólmanum suðvestast en engar tóftir sjást þar.

Flatur og grasivaxinn hólmi og er vatn með honum á tvo vegu en á hinn þriðja er þurr árfarvegur. Þarna gætir flóðs og fjöru en eins og straumar liggja nú hentar tæplega að hafa þar myllu, og má vera að hólminn hafi áður náð lengra út í farveg Pollhúskvíslar þar sem staupbunginn er.

Örnefnið er ekki lengur í notkun en vel má átta sig á staðsetningu hólmanns af lýsingunni.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 3

**SB-024:012** heimild um naust 65°53.305N 18°05.218V

"Í Pollhúskvíslinni syðst eru þrír hólmar, Þórhallsey og Vilhjálmssey sem er vestar (horfin nú). Áttu þeir bræður varið í hólum þessum. Í tíð Björns Halldórssonar var mikið dýpi, og þar var hákarlaskipum lagt við melshornið, og má sjá hróf þeirra þar." segir í örnefnalýsingu. Rétt framan við Eyrarhorn, sem er norðurendinn á mel þeim sem sunnar kallast Reiðholt, er vik inn til suðausturs og er þar alldjúpt að bökkunum, en hvergi sér til nausta. Utan við hornið er sléttá tún og sömuleiðis inn af vikin og er vegarlóði undir horninu.

Um 1 m háir grónir bakkar við djúpan kíll í árósum Fnjóskár. Túnasléttun og annað jarðrask hafa verið allsstaðar á þessum bökkum þar sem til greina kemur að hrófið hafi verið.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 3

**SB-024:013** *Pollhús* heimild um býli 65°53.552N 18°04.548V

"Pollhús var býli suðvestur frá kirkjunni og kringum það Pollhústún, vestast í því Pollhúsbakki, sem náði að kvíslinni." segir í örnefnalýsingu. Pollhústún er flötin beint niður af Kirkjuhól, 100-200 m suðvestan við kirkjuna, sunnan við Undirvöll og vestan við Suðurtún og er það nú afmarkað af skurðum að norðan og austan en Bæjarkvísl að vestan og sunnan. Hvergi sér til tófta á þessu svæði. Sléttar grundir á malareyrum, áður tún en nú hrosshagi.

Auk Pollhústúns, sem hefur væntanlega verið í kringum bæinn, minna örnefnið Pollhúsmýri, sunnan við Bæjarkvísl og Pollhúshólmi, vestan við Pollhúskvísl, á ítök býlisins.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laufás, 3

**SB-024:014** *Svarðarmór* örnefni mógrafir 65°53.477N 18°04.553V

"Sunnan við [Pollhúsbakka] tók við Svarðarmór. Þar er Svarðarlækur, rennsli úr mýrunum, allvatnsmikill og rennur niður í Pollhúskvísl rétt suður af Pollhúsbakka." segir í örnefnalýsingu. Svarðarmór er neðan (vestan) við brekkuna og suðurtúnið, á milli brekkuróta og Grundarinnar, sem er aðeins hærri bakki sunnan og vestan við Pollhúsbakka, á austurbakka Pollhúskvíslar. Svarðarmórinn er því dálítill lægð sem snýr N-S í átt frá Áshóli og að Pollhústúni.

Skurðir liggja nú N-S sitthvorumeginn við móinn, annar í brekkurótum en hinn er nýgrafinn, um 80 m vestar. Sá er áag 2 m djúpur og sjást þar 1-1,5 m þykk mólög en allþykkt moldarlega er yfir þeim. Ofarlega í mónum er lurkalag á kafla. Grafirnar hafa snnilega veið austar þar sem moldarlagið ofan á mónum er þynnra. Svarðarmór er nú þurr vegna framræslu og nytjaður sem beitoland. Þar hefur verið skorið torf nýlega en ekki sést móta fyrir gröfum.

Eftir mónum endilöngum liggur lágur garður, norðantil sem gæti verið gamall áveitugarður. Svarðarlækur rennur nú í skurðunum.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laufás, 3

**SP-024:015** heimild um sjóbúð 65°52.815N 18°05.126V

"Upp af eyrinni frá Eyrarodda er brött brekka. Þar er gömul Sjóbúð." segir í örnefnalýsingu. Brekkan er neðan og sunnan við Reiðholt og hefur sjóbúðin verið á flötum sjávarbakkanum í krikanum sem myndast þar sem Þorsteinsstaðeyrin byrjar að sunnan. Ekkert sér nú til búðarinnar en tóftin sást fram um 1990 en hvarf þá alveg því mikið brýtur af bökkunum á þessum stað. Grasi gróinn sjávarbakki undir hárrí brekku.

Búðin er talin hafa verið í notkun fram á þessa öld. Jafnaframt því sem brýtur af bökkum Þorsteinsstaðeyrar hefur grynnað mjög mikið utan við hana síðustu 50 ár.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 4

**SP-024:016** heimild um uppsátur 65°52.815N 18°05.126V

"Upp af eyrinni frá Eyraroddar er brött brekka. Þar er gömul Sjóbúð. Þar hefur verið gamalt uppsátur í krikanum." segir í örnefnalýsingu. Brekkan er neðan og sunnan við Reiðholt og hefur uppsáttrið verið utan við sjóbúðina 015 á flötum sjávarbakkanum í krikanum sem myndast þar sem Þorsteinsstaðeyrin byrjar að sunnan. Ekkert sér nú uppsáturs en það hefur horfið fyrir en sjóbúðin sem sást fram undir 1990 en hvarf þá alveg því mikið brýtur af bökkunum á þessum stað. Grasi gróinn sjávarbakki undir hárrí brekku.

Jafnaframt því sem brýtur af bökkum Þorsteinsstaðeyrar hefur grynnað mjög mikið utan við hana síðustu 50 ár.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 4

**SP-024:017** *Litla-Laufás* heimild um bústað 65°53.257N 18°04.629V

"Norðan við Vörðuhól var býlið Litla-Laufás (alltaf kallað svo), og upp af Vörðuhól heitir Leiti. Litla-Laufás er syðst og efst í Pollhúsmýri eða suður af Grundinni [...]" segir í örnefnalýsingu. Litla Laufás er neðst í túni sem er neðan við þjóðveginn norðaustur af Áshóli, rétt fyrir ofan (austan) skurð sem gengur til norðurs frá útihúsum nyrst á bæjarstæðinu, um 100 m norðan við þau. Þar sjást steypusteinar á vesturbakka skurðarins en þeir eru úr byggingu sem byrjað var á og aldrei lokið og var rutt niður er sléttað var yfir tóftirnar 1956-57. Í sléttu túni, skurður fyrir neðan. Túnið og tóftirnar var sléttað með jarðýtu.

Ekki eru til nákvæmar lýsingar á þessum tóftum en þær munu ekki hafa verið umfangsmiklar. Hóllinn sem nýbýlið Áshóll er byggt á heitir Vörðuhóll

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laufás, 4

**SP-024:018** *Reiðholt* heimild um leið 65.52.952N 18°05.097V

"Upp af Eyrarhorninu milli þess og Vörðuhóls er holt, sem heitir Reiðholt." segir í örnefnalýsingu. Reiðholt er neðsti hjallinn í fjallshliðinni ofan við Þorsteinsstaðeyri og lágu reiðgötur miklar um það en þær hafa nú verið sléttaðar undir tún eða bíslóði er þar sem þær voru.

Sléttuð tún og flagmói lítið gróinn.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 4

**SB-024:019** *Hesthúsvöllur* örnefni hesthús 65°53.512N 18°04.446V  
"...Hesthúsvöllur [var] syðst og vestast í túni." segir í örnefnalýsingu. Völlurinn er 10-30 m austan við skurð sem er neðan við túnið, og ofan við Svarðarmó, 200-220 m SSV við kirkjuna 002, en ekki verður séð hvar hesthúsið hefur staðið.

Í túni, áður kartöflugarður.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laufás, 5

**SB-024:020** heimild um túngarð 65°53.534N 18°04.377V  
"...Nollarsláttur [var] syðst í túninu, svo var Hesthúsvöllur syðst og vestast í túni. Gamalt GARÐBROT var þar á milli." Garður þessi - sennilega túngarðsleifar - hefur verið u.þ.b. 60 m VSV af endanum á túngarðinum 048, rúmlega 200 m suður af kirkjunni 002, en nákvæma staðsetningu er ekki hægt að ákvarða.

Í túni, áður kartöflugarður.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Laufás, 5

**SB-024:021** heimild um stekk 65°53.646N 18°04.263V  
"Stekkur var beint austur af bæ norðan við hliðið heim,..." segir í örnefnalýsingu. Þjóðvegurinn liggur nú fast ofan við (eða yfir) hliðið heim að bænum sem hefur verið á móts við bilið milli bæjar og kirkju, 28 m frá næsta húsgafli á bænum, en fast austan við veginn tekur við brött brekka og er þar sneiðingur fyrir vegarlóða. Stekkurinn hefur því verið rétt austan við hliðið en undir brekkunni og er því undir veginum. Var utan túngarðs, rétt ofan við bæ í brekkurótum, nú undir vegi.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Laufás, 5

**SB-024:022** heimild um kvíar 65°53.637N 18°04.335V  
"Stekkur var beint austur af bæ norðan við hliðið heim, en að vestan við það voru Kvíar." segir í örnefnalýsingu. Hliðið var 28 m austur af næsta húsgafli við bilið milli bæjar og kirkju samkvæmt túnakorti og hefur því lent undir vesturbrún vegarins sem nú er. Kvíarnar hafa að öllum líkindum verið fast við túngarð/túnjaðar að innanverðu, nálægt hliðinu og eru því undir norðurbrún aðkeyrslu að kirkju og bæ. Var í túnjaðri, nú undir vegi.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Laufás, 5

**SB-024:023** heimild um rétt 65°53.607N 18°04.305V  
"Sunnan við götuna heim var hestarétt." segir í örnefnalýsingu. Réttin hefur verið í bilinu milli kirkjugarðs og túngarðs/túnjaðars, þar sem nú er þjóðvegurinn. Ekkert sér nú til hennar og hefur hún verið sléttuð eða lent undir veginum.

Áður í túni milli kirkjugarðs og túngarðs/túnjaðars vvið götu heim að kirkju og bæ. Nú óræktaður grasblettur með kafgrasi og vegarstæði austan við hann.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Laufás, 5

**SB-024:024** garðlag túngarður 65°53.824N 18°04.218V  
14 m austur af norðausturhorni á nýlegri viðbyggingu norðan við fjárhúsin nyrst í Laufástúni, er endi á grjóthlöðnum garði sem liggur til norðurs eftir afleggjara af

Þjóðvegi að fjárhúsunum og hefur garðurinn verið skorinn af afleggjaranum. 5-8 m eru frá núverandi vegkanti að garðinum.

Áður í túnjaðri ofan við litla brekku efst í túni, nú óræktarsvæði í kringum fjárhús. Nú sjást um 25 m af garðinum en framhald hans til suðurs hefur lent undir veginum en til norðurs hefur hann varla náð langt og má vera að hornið og norðurhlið garðsins hafi horfið er afleggjarinn að fjárhúsunum var gerður en norðan við hann sést ekkert og eru þaðan aðeins örfáir metrar að brattri brún niður á malareyrarnar. Garðurinn er með stóru grjóti í botninn og standa mest tvö umfö, víðast þó aðeins eitt og er töluvert af smásteinum ofan á og í kring. Mögulegt er að hleðslugrjót hafi verið tekið úr garðinum til notkunar annarsstaðar. Um 5 m sunnan við garðendann eru nokkrir steinar í röð sem eru leifar af framhaldi garðsins til suðurs en þar hefur hann verið skemmdur af veginum eða lent undir honum. Garður þessi er utan túnsins eins og það er sýnt á túnakorti frá 1917.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

**SP-024:025** garðlag túngarður 65°53.802N 18°04.191V

4-5 m vestan við túngarðinn 024 eru leifar af eldri garði sem snýr eins en sést á styttri kafla (alls 12 m) og aðeins sem grjótröð í grasrótinni sem myndar brún inn á túnið og er um 1,5-2 m há brekka frá þessari brún og niður á túnflötinn.

Áður í túnjaðri ofan við litla brekku efst í túni, nú óræktarsvæði í kringum fjárhús. Framhald þessa garðs til suðurs hefur lent undir veginum eins og 024 en af stefnu þeirra má ætla að þeir hafi legið saman er nær dregur bænum. Þessi garður er einnig utan við túnið eins og það var 1917.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

**SP-024:026** garðlag túngarður 65°53.802N 18°04.165V

10 m norðan við norðurenda á nýlegri viðbyggingu við fjárhús nyrst í Laufástúni, niðri á flatanum neðan við garðana 024 og 025, 16 m vestanvið 025, er 36 m langur garður sem nær út að afleggjaranum sem liggur til vesturs út af þjóðvegi og að fjárhúsunum.

Sumarið 1999 var reist nýtt fjárhús fast vestan við þennan garð.

Áður í túni, nú óræktarsvæði í kringum fjárhús. Garður þessi er skorinn af vegarslóða norðanmegin og hefur verið skemmdur af fjárhúsbyggingu að sunnan. Hann er sennilega eldri en garðarnir 024 og 025 en allir eru þeir utan túns eins og það var 1917. Bjarni Einarsson lýsti garðinum í vettvangsferð 23.5.1997: "Ca. 20 m VNV af þjóðvegi og 12 m N af skepnuhúsum. Í grasi gróinni brekku. Í haga. Garður. 30 m langur, 1-3 m breiður og 0,3-0,5 m hár. Úr torfi og grjóti. N - endinn endar í malarvegi er liggur frá þjóðveginum. Garðurinn er vel gróinn, eilítið hlykkjóttur í S-enda. Nálægt N-enda er fjárgata í gegn um garðinn. Einstaka steinar sjást í garðinum. Garðurinn er all-forn að sjá!" Álitsgerð um fornleifar, viðh.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

**Heimildir:** Álitsgerð um fornleifar, viðh.

**SP-024:027** Ögmundarbrekka sögustaður orustustaður  
65°52.914N 17°59.936V

Ögmundarbrekka er vestan við Gæsagil, austan og ofan við selið 032. Eins og brekkan er nú - skóglaus - er þar ekki mikið skjól. Það væri helst ofan við selið en þar gengur hryggur niður eftir hlíðinni vestan við selið. Mynd af þessari brekku er birt í útgáfu Sturlunga sögu frá 1946 en ekki er vitað á hverju sú auðkenning byggir.

Brekkurnar ofan við grasflatirnar í Sellandinu eru blásnar og berar nema alveg neðst,

ofan við vegarslóðann sem er sennilega á svipuðum stað og hin forna þjóðleið.

1194 bauð Þórður í Laufási til sín Ögmundi sneis Þorvarðarsyni: "Fór Ögmundur til Þórðar ok hafði þar eigi lengi verit, áðr kallat var, at margt væri með þeim Margrétu, konu Þórðar, dóttur Odds Gizurarsonar. ... at vári fór [Ögmundur] í brott ... hafði hann oft kvámur í Laufás, ok varð þeim þat at sundrþykki hjónum, Þórði ok Margrétu. Ok fór hon austr í fjörðu til Teits, bróður síns ... Eitt sinn átti Ögmundur för út í Höfðahverfi, ok lá leið hans um garð í Laufási ... ok váru tveir saman. En er þeir váru út farnir, kvöddu þeir Þórðarsynir húskafla sína með sér ok kváðust vilja fara í skóg til viðar. ... Síðan gengu þeir upp til dals á brekku þá, er síðan er kölluð Ögmundarbrekka, ok varð ekki af viðarverki. Þá sagði Hákon ... at hann ætlaði at sitja fyrir Ögmundi og taka hann af lífi ... Nú sáu þeir, at Ögmundur fór útan. Síðan spretta þeir upp ór sátinni, en hinir hlaupa af baki. Gizurr tók förunaut Ögmundar ok helt honum aftan um hann, en Bergr helt um herðar honum, ok hörfuðu þeir þann veg um hrísinn. En þeir sóttu Ögmund þrír Þórðarsynir. ... Ögmundur varðist vel. Því at hann var vígðimur ok vel við búinn. Þá lagði Dagstyggur til hans undir höndina með spjóti ok ætluðu þeir, at hann myndi sár til ólífis. En þat var þó lítit sár, því at hann hafði panzara öruggan. Ögmundur var ok sár í andliti, ok blæddi í augun, svá at hann mátti eigi vega. Þá sezt Ögmundur niðr ok bað, at hann skyldi ná prestsfundi, ef þeir vildi hann af lífi taka. Þeir Hildibrandr og Dagstyggur vildu drepa Ögmund, en Hákon vildi þat eigi. ... Þá bauð Hákon at binda sár Ögmundar - ok ætluðu hann særðan til ólífis - , en hann vildi þat eigi þiggja. Síðan fóru þeir heim. ... Síðan fór prestur heima þaðan, sá er Erpr hét, ok maðr við honum. Ok er þeir kómu þar, er fundrinn hafði orðit, var Ögmundur í brottu ok hafði sár óhægilig ..."

**Heimildir:** SturlR I, 178-180

**SB-024:028** öskuhaugur

65°53.755N 18°04.368V

30-40 m beint norður af norðurenda 009 er rof í brúnina á Húsabrekku ofan við aflanga laut á brúninni. Í rofbakkanum sést allt að 0,4 m þykkt lag af ösku með dýrabeinum, m.a. fiskbeinum, dálitlu af viðarkolum og allmiklu af járngjalli. Torfleifar sjást einnig en ekki eru skýr ummerki um hleðslur en allmikið er þó af grjóti nyrst í lægðinni. Það gæti þó einnig verið komið úr túninu.

Á brekkubrún í túnjaðri, nú hrosshagi.

Lagið sést á um 6 m bili í rofbakkanum. Það er sennilega ekki gamalt, gæti verið frá 19. öld eða fyrri hluta þessarar aldar. Til þess bendir vottur af steinkoli og heldur nútímalegir járnþátar. Undir öskunni er melurinn sem túnið er ræktað á.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**SB-024:029** *Timburvallagötur* heimild um leið 65°53.726N 18°03.652V

"Frá Leitinu lágu götur á ská upp og yfir Ásinn niður á Álfaflöt [...] þær heita Timburvallagötur." segir í örnefnalýsingu. Timburvallagötur heita göturnar frá Laufáshliði eða í brekkunni þar fyrir ofan á ská yfir ásinn og á Álfaflöt 044 en þar greinast þær í tvennt og liggja Neðrigötur niður á Stekkjarmó 037 að Rifgerði 036 og kerjum við Kergil 034 en Efrigötur eru uppi í hlíðinni eftir hjallanum sem Álfaflötur er á og liggja fram Skarðið. Bíslóði er nú þar sem göturnar voru frá þjóðveginum á móts við Laufáskirkju og yfir ásinn en á Álfaflöt ofanverðri sjást grónir götupaldrar, 15-25 paldrar á um 30 m bili. Yfir lyngmóa og mela.

Í örnefnalýsingu sr. Hermanns Hjartarsonar eru göturnar kallaðar Timburgötur. Þar segir svo um götur í Laufáslandi: "Neðan við Reiðgötur fram að Kergili: Timburgötur, lítið eitt ofar. Timburgötur og Reiðgötur skiptast á Neðriásnum.



Göturnar neðstu - Neðrigötur - kallað að fara suður með Höllum. (Vegurinn út og upp frá bænum liggur upp á Neðriás og þaðan á Efriásinn.)" Einnig er þar bætt við: "Timburgötur: Gunnar Loftsson hreppstj., Stórugrund, d. 1871, 79 ára, ólst upp í Pálsgarði, sagði sjálfur að [það] hefði verið vinna þeirra bræðra, að höggva skóg upp í hlíðinni. Þá var skógurinn eyddur hið neðra. Síðan skógurinn fluttur heim í Laufás, síðan Timburgötur." Einnig kallað Timburmannagötur. Talið tengjast því er timbur var sótt í Skuggabjargaskóg frá Akureyri frostaveturinn 1882.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 5; Ö-LaufásB, 2

**SB-024:030** hleðsla 65°53.846N 18°04.382V

Um 30 m beint norður af Benediktshúsum 005 er langur rofbakki norðan í hólnum sem er nyrst og vestast á hjallanum, sem Laufásbærinn stendur á, og er sá hóll kallaður Melshorn. Í þessu rofi sjást torfleifar austast, á um 10 sm dýpi, heldur óreglulegar, en 3 m þar vestan við eru greinilegir klömbruhnausar neðarlega í barðinu. Þeir virðast vera í niðurgreftri, sem byrjar á um 30 sm undir Rofabarð. Slétt grasflöt að ofan, framhald af túni, en hefur þó verið utan við túnið 1917. Á flötinni, yfirborði og sker allþykkt (0,4 sm) gjóskulag, grásvart ("a" lagið frá 1477)

Aðeins sunnar en barðið hefur verið sturtað skít og heyafgöngum og einnig niður brekkuna. Neðan við eru berir melar, leifar af sjávarkambi og þar neðan við taka við eyrar Fnjóskár.

Magnús Á. Sigurgeirsson gjóskulagafræðingur skoðaði þetta snið 25.10.1999. Í sniðinu reyndust vera landnámssyrpan, H1, dökkt lag sem hann telur geta verið úr Grímsvatnagosi 1332 og "a"lagið. Mannvistarlögin eru að mestu leyti ofan við "a" lagið en þó eru móðskulinsur milli þess og 1332.

**Hættumat:** hætta vegna rofs

**SB-024:031** *Skarðsbreiða* heimild um vað 65°52.727N 17°58.819V

"Í hlíðinni hér er nokkur skógur, og svæðið vestur að næsta gili er nefnt Selland.[...] Niður af Skarði og næst gili er hér vað á Fnjóská, sem heitir Skarðsbreiða." segir í örnefnalýsingu. Beint niður af húsunum á Skarði, heldur vestar en lækurinn kemur úr Gæsagili er lítilsháttar bugur á ánni og er hún þar heldur breiðari en annarsstaðar.

Áin er um 50 m breið á þessum stað, malareyri er norðanvið en klappir og síðan brött brekka sunnan við.

Um 700 m neðar með ánni, aðeins austar en lækurinn úr Nóngili er önnur breiða sem sýnist vera ekki síðra vað, en bæði vöðin eru aðeins fær á hestum.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 5

**SB-024:032** tóftir sel/beitarhús 65°52.962N 18°00.102V

"Sel, heitir nú Beitarhús." "Í hlíðinni hér er nokkur skógur, og svæðið vestur að næsta gili er nefnt Selland.[...] Niður af Skarði og næst gili er hér vað á Fnjóská, sem heitir Skarðsbreiða. Upp frá því neðst í Sellandi er Selbrekka. Upp frá vaðinu þar ofar eru beitarhús vestarlega í Sellandinu,... í Selbrekku eru skorur, og heitir sú stærsta þeirra Selbrekkugil." segir í örnefnalýsingu. Selið er um 500 m vestar en á móti Skarði, nær Nóngili en Gæsagili. Vegarslóði sem liggur eftir hlíðinni fram Skarðið liggur um tóftirnar og er beitarhúsatóftin á háum hól ofan slóðans en gerði fyrir neðan.


Ofarlega í sléttum grasbrekkum á breiðum hjalla ofan við Fnjóská. Vestan við eru lyngmóar en strax austan við er lækur og mýrardrag með honum en þar austur af eru harðar og grösugar grundir. Fjallshlíðin ofanvið er blásin og ber. Skógarleifar eru á hjalla austur við Gæsagil.



Ofan slóðans eru tveir rústahólar og er stór og allgreinileg beitarhúsatóft á þeim austari en á hinum eru tóftaleifarnar ógreinilegar. Neðan slóðans er nokkurnveginn hringlaga gerði og er austurhlið þess að mestu sokkin í mýri. Efst í því fyrir miðju er allstór tvískipt tóft og önnur minni með eitt hólfi við suðausturhorn. Við suðvesturhorn, utan við gerðið, er tóftaþyrping, aflöng með a.m.k. 5 hólfum og er það syðsta skemmt af slóðanum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Laufás, 5-6; Ö-LaufásB, 3



**SP-024:033** Grundarvarða/Nónvarða varða eyktamark

65°53.243N 18°01.270V

"[næst Nóngilsmýrum eru] Grundir, og á þeim er varða, sem heitir Grundarvarða - eða Nónvarða." segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 20 m neðan við vegarslóðann sem liggur fram Skarðið að sunnanverðu, vestast á Grundunum, en vestan við og að Kergili eru um 300 m af brattari og grýttari Varðan er sporöskjulaga, snýr N-S og standa hleðslurnar 3-4 umför. brekkum en austan við.

Varðan er sporöskjulaga, snýr N-S og standa hleðslurnar 3-4 umför.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Laufás, 6

**SP-024:034** Ker heimild um lögn

65°53.471N 18°02.034V

"Þar sem Kergilslækurinn kemur í ána er kallað Ker. Þar voru veiðikistur hafðar hér áður fyrir (þær voru aðeins neðar)." segir í örnefnalýsingu. Ker er strax fyrir neðan Efri-Fossa og ofan við Brúarlag, gegnt laxastiganum sem er norðanmegin í gljúfrinu. Þar sem Kergilslækurinn kemur niður gljúfurveggina er gríðarlegt straumrót en sá staður er alveg við flúðirnar. Um 20 m neðar, 10 m ofan við Brúarlag er hinsvegar stilltara þó áin sé þar enn hvít af súrefni. Þar er hlein sem hægt hefur verið að standa á til að eiga við kisturnar.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 6

**SP-024:035** Brúarlag heimild um brú

65°53.483N 18°02.040V

"[Í ánni eru] fossar, sem heita Neðri-Fossar og Efri-Fossar, einu nafni nefndir Laufásfossar. Brúin er nokkru neðar við Neðri-Fossana, þar sem heitir Háuklappir. Milli Fossanna heitir Brúarlag. Þar var eitt sinn trébrú á ánni." segir í örnefnalýsingu. Brúarlag er neðan við Ker 034 um 50 m neðan við Efri-Fossa. Gljúfurveggirnir eru þverhniptir á þessum stað en sunnanmegin gengur flöt hlein út í árfarveginn og er áin þar aðeins um 5 m breidd á 2-3 m bili. Þar hefur verið auðvelt að leggja yfir tré og gera göngubrú, en erfitt hefur verið að skorða hana og engin leið er að komast með hesta eða verulegan varning upp gljúfurveggina hvorumegin þó einstigin séu tiltölulega

greiðfær fótvissum mönnum.

Brúin hlýtur að hafa verið tekin upp á vetrum.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 6


**SP-024:036** *Rifgerði* heimild um býli 65°53.559N 18°02.572V

"Rifgerði, stutt sunnan við Stekkinn ... Rifgerði er bæjartóft forn." - "Rifgerði er þar sem brúin er nú; þar var býli." segir í örnefnalýsingu. Engar rústir eru sýnilegar við brúarsporðinn eða í næsta nágrenni, og er sennilegast að þær hafi horfið við vegagerðina, en talsvert rask er í hlíðinni sunnan við stekkin upp af brúarsporðinum. Þar er malarnám í hlíðinni og vegarstöði upp að því.

Um 150 m breið valllendisspilda - Stekkjarmór - er norðan við brúna, en ofan við tekur við melbrún og neðan við er Fnjóskárgil. Flagmóar inn á dalinn. Af staðháttum að dæma er líklegast hússtöði svotil beint upp af brúnni, sem nú [1998] er, þar sem afleggjarinn og þjóðvegurinn mætast.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-LaufásB, 2, Ö-Laufás, 6.



**SP-024:037** *Stekkur* tóft stekkur

65°53.607N 18°02°802V

"Þar uppaf [Rifgerði] er svonefnd Kergilsvarða. Þá er Stekkur og Stekkjarmór, sem vegurinn liggur eftir." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er um 30 m ofan (sunnan) við þjóðveginn, sem nú er, um 200 m norðan við beygjuna að núverandi brú (1998) yfir Fnjóská, um 200 m frá gilbrún Fnjóskár.

Í brekkurótum (með flagmóa) utan í vallendisrima milli brekkuróta og gilbrúnar og er deiglendi næst tóftinni. Norðan við er sléttlendi en gróðurminna sunnanvið. Tóftin er um 1 m há að utan og er rústabunga undir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-LaufásB, 2, Ö-Laufás, 6.

**SP-024:038** *Hamarsvað* heimild um vað 65°53.935N 18°03.669V

"... undan [Helsudýi] er hylur í ánni sem heitir Rauðhylur. Þar nokkru neðar er vað, Hamarsvað, þar er eins og milli Miðgerðis og Borgargerðis." segir í örnefnalýsingu Laufáss. Vaðsins er einnig getið í lýsingu Borgargerðis: "Neðan við Ferjuhól [SP-026:004] er Álagahvammur [SP-026:005], en hylurinn þar fram af heitir svo Ferjuhylur. Ofan við Ferjuhyl er Hamarsvað á Fnjóská,...". Eyrar eru í Fnjóská fyrir Miðgerðislandi og hefur vaðið verið um norðurodda þeirra, nyrst í Miðgerðislandi og á ská til vesturs yfir ána.

Áin er 80-90 m breið á þessum stað en þó eru djúpir hyljir og álar með vesturbakkanum og klettahleinar á bakkanum, og allbratt upp af þannig að vað þetta getur varla talist hagstætt.

Frá sama stað í Miðgerðislandi var farið eftir broti í miðri ánni, eftir henni endilangri og norður fyrir hamarinn Laufásmegin og þar á bakkann á eyrunum.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 6; Ö-Borgargerði, 2

**SP-024:039** gata leið

65°53.975N 18°03.954V

"Vestan [Hamars] er Borgargerðishvammur, á ská suðaustur frá Borgargerði. Niður í hvamminn lágu reiðgötur, ..." segir í örnefnalýsingu og ætti að vera suðvestur frá Borgargerði. Reiðgötur hafa legið eftir melbrúninni frá Laufási til norðausturs og ofan í Borgargerðishvamm að sunnan vestantil, með stefnu á ferjustaðinn undir Hamrinum. Reiðgötupaldrar sjást uppi á melnum, sem er gróinn á kafla sunnan við Borgargerðishvamm og í melbrekkunni niður í hvamminn hefur myndast dokk eða sneiðingur eftir umferð manna og hesta. Niðri í hvamminum sjálfum sést ekkert en hann er deiglendur.

Á mel, grónum á hluta og sjást paldrarnir þar, heldur blásnir og óreglulegir. Paldrarnir sjást á um 15 m kafla en dokkin í melbrekkunni er um 20 m löng. Hún er 3-4 m breið, sléttari í botninn en brekkan umhverfis og meira gróin. Sennilega náttúruleg dæld sem hefur orðið aðalleiðin niður í hvamminn.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Laufás, 7.

**SB-024:040** *Ferjustaður* heimild um ferju 65°54.115N 18°03.014V

"Vestan [Hamars] er Borgargerðishvammur, á ská suðaustur frá Borgargerði. Niður í hvamminn lágu reiðgötur, því þarna var Breiða á ánni. Þar var oft ferjað yfir, þetta var lögferja (í Borgargerði) og því nefnt við hana Ferjustaður." segir í örnefnalýsingu. Breiða er á ánni beint austur af Hamrinum og mætti þar róa bát yfir en bratt er upp af lendingu norðanmegin. Neðan við þessa breiðu eru flúðir og of grunnt fyrir bát þar til kemur á móts við Ferjuhól í Borgargerðislandi (sbr. 026:004), þar er aftur breiða en að vísu aðgrunnt sunnanmegin.

Utan við Hamar eru malareyrar og aðgrunnt allsstaðar sunnanmegin en norðanmegin eru brattar grasbrekkur niður í á uns komið er vel út fyrir Ferjuhól. Sennilegt er að aðstæður hafi breyst oft í tímans rás, einkum að því er varðar landingar sunnanmegin, en þær geta hafa verið allt frá Hamrinum og út á eyrarnar þar sem áin byrjar að skipta sér. Ferjustaður til 1939 að brú var sett á Fnjóská ofar.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 7.

**SB-024:041** *Breiða* heimild um vað 65°54.170N 18°04.098V

"Breiðan er nokkuð neðar [en Ferjustaður], það var aðalvaðið, talsvert neðar en Hamarsvaðið." segir í örnefnalýsingu. Vaðið var 100-150 m neðar en á móts við Ferjuhól, af malareyrnum sunnanvið yfir í Miðeyri sem náði lengra til suðurs áður fyrr og þaðan í Borgargerðishólma, en milli hans og lands var yfirleitt lítið vatnsfall eða ekkert.

Áin er mjög breið á þessum stað og farin að falla í 2-3 farvegum um sléttar malareyrar. Eflaust mjög breytilegt vað. Einnig kallað Þvervað sbr. örnefnalýsingu Borgargerðis: "Neðan við Ferjuhól er Álagahvammur, en hylurinn þar fram af heitir svo Ferjuhylur. Ofan við Ferjuhyl er Hamarsvað á Fnjóská, en neðan við hylinn heitir Þvervað."

**Heimildir:** Ö-Laufás, 7; Ö-Borgargerði, 2

**SB-024:042** *Neðrigötur* heimild um leið 65°53.726N 18°03.652V

"Aðeins vestar en Hamar ofan vegar er Eyvindarbrekka. Álfaflötur er á hjalla næst ofan við veginn rétt uppi á ásnum. Þar var varða rétt austar og Timburvallagötur rétt ofan við svonefndar Efrigötur. Neðrigötur lágu fram á Stekkjarmó. Þar voru kýrnar reknar upp Eyvindarbrekku. Efrigötur lágur hærra og fram í Skuggabjörg og Fnjóskadal." segir í örnefnalýsingu. Timburvallagötur 029 liggja yfir á sinn á Álfaflöt

044 og skiptast þar í Neðrigötur og Efrigötur 044 og liggja Neðrigötur niður að steknum 037 og Rifgerði 036. Götupaldrar sjást á vestan og ofanverðri Álfaflöt en ekki er nema kindastíga að sjá þar sem Neðrigötur hafa verið.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 7.

**SP-024:043** *Efrigötur* heimild um leið 65°53.726N 18°03.652V

"Aðeins vestar en Hamar ofan vegar er Eyvindarbrekka. Álfaflötur er á hjalla næst ofan við veginn rétt uppi á ásnun. Þar var varða rétt austar og Timburvallagötur rétt ofan við svonefndar Efrigötur. Neðrigötur lágu fram á Stekkjarmó. Þar voru kýrnar reknar upp Eyvindarbrekku. Efrigötur lágur hærra og fram í Skuggabjörg og Fnjóskadal." segir í örnefnalýsingu. Timburvallagötur 029 liggja yfir ásinn á Álfaflöt 044 og skiptast þar í Neðrigötur 042 og Efrigötur og liggja þær síðarnefndu áfram fram eftir hlíðinni inn í Fnjóskadal. Greinilegir götupaldrar eru á Álfaflöt en ekki verða þeir raktir nema stuttan spöl fram á dalinn.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 7.

**SP-024:044** *Álfaflötur* heimild um huldufólksbústað

65°53.726N 18°03.652V

"Aðeins vestar en Hamar ofan vegar er Eyvindarbrekka. Álfaflötur er á hjalla næst ofan við veginn rétt uppi á ásnun." Álfaflötur er sléttur grasblettur í dálitilli hvílt uppi á hjallanum ofan við þjóðveginn að Fnjóskárbrú. Bletturinn er innarlega á hjallanum, við rætur næsta hjalla fyrir ofan. Vallendisblettur í hvílt í lyngmóa, í hvarfi frá Laufási.

**Heimildir:** Ö-Laufás, 7.

**SP-024:045** *Rifgerðisgötur* heimild um leið 65°53.559N 18°02.572V

"Rifgerðisgötur, frá Rifgerði suður og upp á veginn (grónir stígar)." Þessar götur hafa legið upp á hjallann frá því á móts við brúarsporðinn og að Efrigötum 043. Á þessum slóðum hefur verið töluvert rask og er bíslóði þar sem göturnar hafa verið.

**Heimildir:** Ö-LaufásB, 2

**SP-024:046** *Smalastígur* heimild um leið

"Smalastígur yfir Háás um Kollhól fram og upp á Pálsgerðismela fram fjall að Gæsagili eftir Langahjalla." segir í örnefnalýsingu. Smalastígur var ofar í fjallinu en Efrigötur og eru allmargar kindagötur sem liggja eftir Langahjalla.

**Heimildir:** Ö-LaufásB, 3

**SP-024:047** heimild um gerði

"Hvörki hef eg lagt merki til eður heyrt getið annarra fornleifa hér í sveit en göngu- og landamerkjagarða, samt girðingagarða umkring gerði, sem af húsatóftum er þar inn í finnast sjá má að til forna hafi byggð verið, og sést vottur til fjögurra slíkra gerða hér í Laufáss landareign." segir í sóknalýsingu Laufássóknar frá 1839.

Ekki er vitað við hvaða gerði prestur á, en ætla má að gerðið á selinu 032 sé eitt þeirra og Rifgerði gæti hafa verið annað. Gerði gætu einnig hafa verið um Pollhús og Litla-Laufás en einnig er hugsanlegt að slík mannvirki hafi verið á öðrum stöðum.

**Heimildir:** SSP, 37.

**SP-024:048** garðlag túngarður 65°53.529N 18°04.340V

210 m sunnan við kirkjuna og um 7 m neðan (vestan) við þjóðveginn sést bogadregið

horn á túngarði efst í túninu. Það kemur undan veginum og liggur síðan 25 m til SSV en hverfur síðan þar sem tún hefur verið sléttað. Þar fyrir neðan sjást þó steinar í röð í grasrótinni og hefur af því að dæma verið horn á garðinum einmitt þar sem hann hverfur. Þar hefur hann þá snúið beint til vesturs og legið niður brekkuna. Í brekku efst í túni, nú að hluta undir vegi.

Garðurinn hefur verið grjóthlaðinn og er rof í hann vestanmegin að sunnanverðu og hefur grjótið hrunið þar niður á túnið. Sennilega framhald 024 og/eða 025.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

**SB-024:049** þjóðsaga skrímsli

"Í vor, 1861, sást skepna einhver á stærð við stærsta naut, en lágfættara, skríða um hólmana fyrir neðan Laufás. Fólkið horfið á það um hríð, en þegar séra Björn heyrði það tók hann kíkir sinn og fór út, en þá var það að skríða í sjóinn."

Saga af sama dýri er prentuð í þjóðsagnasafni Ólafs Davíðssonar III, 33 eftir frásögn séra Þórhalls Bjarnarsonar. Þar segir svo frá að Einar Bjarnason (d.1873) hafi verið að fara yfir Fnjóská og hefði hestur hans þá "orðið var við ókennilegt dýr, fælt við það og kastað Einari af sér, en hann hafði orðið svona illa útleikinn við fallið. Séra Björn tók þegar sjónauka og sá dýrið í honum; fóru þá af stað flestir karlmenn frá staðnum, ... og hafði [einn] með sér byssu. Þeir sáu allir dýrið og jafnvel undir það, því það var ferfætt ... Skrímslið öslaði ofan í ána, og eltu mennirnir það út eftir henni, þar til það hvarf í sjóinn."

**Heimildir:** ÞJÁ IV, 17; ÞÓD III, 33

**SB-024:050** gripir legstaður

"Séra Jónas Jónasson gaf Þjóðminjasafninu brand af sverði árið 1901. Má telja víst, að hann sé úr fornu kumli, því að gefanda farast svo orð: "Sverðsblað þetta fanst fyrir rúmu ári, framskolað úr gili skammt frá Laufási ásamt rusli af mannsbeinum. Hjölt eða meðalkafli fannst ekki." Brandurinn er 52 sm að lengd, mikið skemmdur. Grunn laut eftir honum endilöngum, en um gerð hjalta verður ekkert sagt." Af þessari lýsingu verður lítið ráðið um fundarstaðinn. Engin eiginleg gil eru í þeirri hlið fjallsins sem veit í vestur en í norðurhlíðum þess (við Fnjóská) eru víða gil og hefur þetta kuml því sennilega verið alllangt frá bænum.

**Heimildir:** Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*, 150

## 5. Niðurstöður – vendun og kynning fornleifa í landi Laufáss

Fyrir utan bæjarhólinn sjálfan, sem vænta má að sé að mestu óskemmdur undir torfbænum í Laufási, hafa nær allar fornleifar verið gereyðilagðar heima við bæinn. Tún í kringum bæinn voru ræktuð upp í kartöflugarða á tímabili og hafa þá leifar útihúsa og garða verið fjarlægðar alveg eða a.m.k. stórskemmdar. Einnig hafa margir staðir lent undir þjóðvegnum sem liggur ofan við tún og bæjarstæði í Laufási. Helst er að fornleifa geti verið að leita í brekkubrúninni frá vestan við bæinn, allt frá því fyrir sunnan kirkjuna og norður að Melhorni og sjást þar sumstaðar öskuhauga- og torfleifar í rofum.

Leifar smákota, s.s. Litla-Laufás, Pollhúsa og Rifgerðis sjást ekki lengur og hafa þau tvö fyrrnefndu verið sléttuð undir tún en Rifgerði hvarf við vegagerð.

Aðeins tvær tóftir eru enn sýnilegar á yfirborði í Laufáslandi: stekkur (037) skammt ofan við núverandi veg að Fnjóskárbrú og sel (032) frammi í skarðinu. Stekkjartóftin er skýr og vel varðveitt og á selinu eru miklar rústir, bæði af beitarhúsum frá síðari öldum og miklu fornlegri byggingaleifum.

Ætla má að gamli torfbærinn í Laufási verði um ókomna tíð aðalaðdráttarafl ferðamanna á staðnum. Hausið 1999 var gerður fornleifauppgröftur inni í bænum í tengslum við viðgerðir sem nú standa yfir á honum. Þar kom í ljós að mannvistarlög eru furðu þunn, en jafnframt að varðveisluskilyrði lífrænna leifa eru mjög góð. Þessar aðstæður þýða að ekki er óraunhæft að kanna aðra hluta bæjarins með uppgrefti, einkum undir frambæjarhúsunum. Slíkar rannsóknir gætu varpað frekara ljósi á byggingarsögu bæjarins, en fyrir liggur ítarleg rannsókn Harðar Ágústssonar á því efni byggð á ritheimildum, og aflað vísbendinga um lífshættu Laufæsinga frá öndverðu. Fornleifarannsóknir gætu einnig skilað forngripum sem hægt væri að sýna gestum sem heimsækja byggðasafnið í Laufási.

Af öðrum stöðum í landi Laufáss eru það stekkurinn og selið sem vert væri að merkja, en skemmtileg gönguleið er um skarðið að sunnanverðu auk þess sem talsverð umferð laxveiðimanna er upp með Fnjóská á sumrin. Við selið væri hægt að benda á Ögmundarbrekku þar sem Ögmundur sneis varðist Laufæsingum og blekkti þá upp úr skónum.

## 6. Heimildir

- Bsk:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi I-II*,  
Kaupmannahöfn 1858-1878.
- BBSÞ:** *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*, Reykjavík 1986.
- Bjarni F. Einarsson: *Álitsgerð um fornleifar. Vettvangsferð að fyrirhuguðum brúar-  
og vegaframkvæmdum á Grenivíkurvegi við Fnjóská*. [1997] Þjóðminjasafn  
Íslands.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv.  
1853-1976.
- Hörður Ágústsson: 'Íslenski torfbærinn.' Íslensk þjóðmenning I, s. 264-75.
- IA:** *Islandske Annaler indtil 1578*, G. Storm gaf út, Christiania 1888.
- ÍF:** *Íslensk fornrit*, Rv 1933-.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11*, Kh. 1913-43; 12-13 Rv.  
1990.
- JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*, Akureyri 1956.
- Orri Vésteinsson: *Menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði á Grenivíkurvegi*,  
Reykjavík 1998.
- Orri Vésteinsson: *Fornleifarannsókn undir bæjardyrum og göngum í torfbænum í  
Laufási*, Reykjavík 2000.
- SSÞ:** *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags  
1839-1844*, Rv. 1994.
- SturlR:** *Sturlunga saga I-II*, Reykjavík 1946.
- Túnakort. Jarðadeild, Grýtubakkahreppur, Þjóðskjalasafn Íslands.
- ÞJÁ:** *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I-VI*, Jón Árnason safnaði, ný útg. Rv.  
1961.
- ÞÓD:** *Íslenskar þjóðsögur I-III*, Ólafur Davíðsson safnaði, 2. útg. Akureyri  
1945.
- Ö-Borgargerði:** Örnefnalýsing Borgargerðis, Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun  
Íslands.
- Ö-Laufás:** Örnefnalýsing Laufáss. Kristján Eldjárn skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-LaufásB.** Örnefnalýsing Laufáss. sr. Hermann Hjartarson skráði 1925.  
Örnefnastofnun Íslands.